

# Guðbjörg Lind í Hallgrímskirkju

SÝNING á verkum Guðbjargar Lindar verður opnuð í kór og anddyri Hallgrímskirkju í dag kl. 17. Við það tilefni mun Þóra Kristjánsdóttir listfræðingur halda tölu en sýningin er sumarsýning Listvinafélags Hallgrímskirkju.

Viðfangsefni Guðbjargar Lindar hafa frá upphafi verið tengd vatni – fyrst fossum og síðar óræðum og ímynduðum eyjum á haffleti. Undanfarin misseri hefur Guðbjörg unnið áfram með nálægð og efniskennð vatnsins í verkum sínum. Á sýningunni í Hallgrímskirkju beinir hún sjónum sínum að vatninu sem trúarlegu tákni.

Í kór kirkjunnar hefur verið komið fyrir verkinu Engilfoss en það var sérstaklega unnið sem altaríafla fyrir sýningu í gotnesku klausturkirkjunni San Domingos de Bonaval í Sanitago de Compostella á Spáni árið 2002.

„Í málverkum sínum hefur Guðbjörg Lind oftlega fengist við að



Morgunblaðið/Kristinn

túlka hið kyrrstæða og fjarlægga og hafa málverk hennar löngum fólgið í sér kyrrð og fjarveru mannsins í dulu og oft óræðu landslagi í eyjum eða upp við fossa. Þannig er í verkum Guðbjargar fólgin ferð á vit af-

kíma heimsins þar sem maðurinn skynjar hið upphafna í einfaldleikanum sjálfum,“ segir í kynningu.

[www.moment.is](http://www.moment.is)